

23. mars 2020



Hlutabætur á móti minnkuðu starfshlutfalli

Aðgerðir til að takast á við tímabundin samdrátt í atvinnulífinu vegna COVID-19.

Markmið verkalýðshreyfingarinnar:

- Viðhalda ráðningarsambandi
- Verja kjör launafólks



Hlutabætur á móti minnkuðu starfshlutfalli

- Markmiðið er að fyrirtæki haldi starfsfólki í starfi eins og kostur er frekar en að það komi til uppsagna.
- Skerðing á starfshlutfalli þarf að vera a.m.k. 20 **prósentustig**.
- Launamaður þarf að halda að lágmarki 25% starfi eftir skerðingu á starfshlutfalli.
 - Atvinnurekanda er óheimilt að krefjast vinnuframlags frá launamanni umfram það starfshlutfall sem samið er um.
- Skerðir ekki rétt launafólks til tekjutengdra atvinnuleysisbóta missi það vinnuna síðar.
- Nær líka til sjálfstætt starfandi einstaklinga.
- Gildir frá 15. mars til 1. júní 2020.



Lög- og samningsbundinn réttur

- Þjóði fyrirtæki starfsmönnum skert starfshlutfall vegna tímabundins samdráttar gilda almennar reglur kjarasamninga og laga um það efni.
 - Leiti fyrirtæki til starfsmanna sinna um að skerðing á starfshlutfalli með tilheyrandi lækkun launa komi til framkvæmda án uppsagnarfrests getur hver og einn starfsmaður hafnað slíku og gert kröfu um að uppsagnarfresturinn sé virtur.
- Fallist starfsmenn á að skerða starfshlutfall sitt án undangengins uppsagnarfrests skerðir það ekki rétt þeirra til hlutabóta úr atvinnuleysisstryggingasjóði samkvæmt lögnum.
 - Réttur þeirra til hlutabóta skapast frá þeim degi sem skerðing á starfshlutfalli kemur til framkvæmda, enda eru reglur um skráningu hjá Vinnumálastofnun uppfylltar.
- Fyrirtæki og starfsmaður skulu gera samkomulag um skert starfshlutfall.
- Samkomulag um skert starfshlutfall skerðir ekki rétt launafólks í Ábyrgðasjóði launa.
- Vinnumálastofnun getur óskað upplýsinga/rökstuðnings atvinnurekanda.

Samkomulag um skert starfshlutfall

- fyrirmynd

Komið á vefinn

Samkomulag um tímabundna lækun starfshlutfalls



Vegna tímabundins samdráttar í rekstri fyrirtækisins er samkomulag milli (heiti fyrirtækis og kennitala) og (nafn starfsmanns og kennitala) um tímabundna lækun starfshlutfalls.

Starfshlutfall er nú ___% og verður ___%

(Lýsa getur þurft hvað felst í lækkuðu starfshlutfalli, t.d. hvort lækkað starfshlutfall í vaktavinnu feli í sér færri eða styttri vaktir (eða bæði) eða hvaða áhrif það hefur á fasta kvöld- og helgarvinnu).

Lægra starfshlutfall / breyttur vinnutími gildir á tímabilinu frá _____ til _____ 2020. Á tímabilinu verða laun lægri sem nemur lækun starfshlutfalls (eða tilgreina nánar m.v. breytta vinnutíma).

Forsendur:

Forsenda samkomulags þessa er að starfsmaður geti á tímabilinu sótt um og fengið greiddar atvinnuleysisbætur á grundvelli sérstaks bráðabirgðaákvæðis laga um atvinnuleysistryggingar.

Bráðabirgðaákvæði um atvinnuleysisbætur á móti skertu starfshlutfalli gildir til 1. júní 2020.

Ef rekstrarforsendur breytast er fyrirtækinu heimilt án ástæðulausrar tafar að hækka starfshlutfall starfsmanns í allt að fyrra hlutfalli.

Staður og dagsetning

F.h. (heiti fyrirtækis)

(nafn starfsmanns – undirritun)



Laun og hlutabætur


- Laun frá atvinnurekenda og atvinnuleysisbætur eru að hámarki 90% af launum fyrir skerðingu starfshlutfalls – þó að hámarki 700.000 kr.
 - Hafi laun m.v. fullt starf fyrir skerðingu starfshlutfalls numið 400.000 kr. eða minna eru þau bætt að fullu.
 - Hafi laun m.v. fullt starf fyrir skerðingu starfshlutfalls numið meira en 400.000 kr. skerðast laun frá atvinnurekenda og atvinnuleysisbætur ekki niður fyrir 400.000 kr.

Heildargreiðslur til starfsmanns (laun + atvinnuleysisbætur) geta þó ekki numið hærri fjárhæð en 700.000 kr.

Ákvörðun um rétt starfsmanns til launa frá atvinnurekenda og atvinnuleysisbóta miðar við meðaltal heildarlauna þriggja mánaða tímabils áður en launamaður missti starfs sitt að hluta. Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald.

Hlutabætur Atvinnuleysistrygginga

Starfshlutfall lækkar úr 100% í 80%



Starfshlutfall fer úr 100% í 80%




Laun fyrir skerðingu starfshlutfalls	Hlutabætur atvinnuleysisstrygginga	Laun frá atvinnurekenda í skertu starfshlutfalli	Tekjur samtals	Hlutfall af fyrri launum
300.000	60.000	240.000	300.000	100%
350.000	70.000	280.000	350.000	100%
400.000	80.000	320.000	400.000	100%
450.000	45.000	360.000	405.000	90%
500.000	50.000	400.000	450.000	90%
550.000	55.000	440.000	495.000	90%
600.000	60.000	480.000	540.000	90%
650.000	65.000	520.000	585.000	90%
700.000	70.000	560.000	630.000	90%
750.000	75.000	600.000	675.000	90%
800.000	60.000	640.000	700.000	88%
850.000	20.000	680.000	700.000	82%
900.000	-	720.000	720.000	80%
950.000	-	760.000	760.000	80%
1.000.000	-	800.000	800.000	80%

Hlutabætur atvinnuleysistrygginga


Starfshlutfall lækkar úr 100% í 50%



Laun í skertu starfshlutfalli + hlutabætur atvinnuleysistrygginga



Starfshlutfall lækkar úr 100% í 50% Hlutfall af fyrri launum



Starfshlutfall fer úr 100% í 50%




Laun fyrir skerðingu starfshlutfalls	Hlutabætur atvinnuleysisstrygginga	Laun frá atvinnurekenda í skertu starfshlutfalli	Tekjur samtals	Hlutfall af fyrri launum
300.000	150.000	150.000	300.000	100%
350.000	175.000	175.000	350.000	100%
400.000	200.000	200.000	400.000	100%
450.000	180.000	225.000	405.000	90%
500.000	200.000	250.000	450.000	90%
550.000	220.000	275.000	495.000	90%
600.000	228.202	300.000	528.202	88%
650.000	228.202	325.000	553.202	85%
700.000	228.202	350.000	578.202	83%
750.000	228.202	375.000	603.202	80%
800.000	228.202	400.000	628.202	79%
850.000	228.202	425.000	653.202	77%
900.000	228.202	450.000	678.202	75%
950.000	225.000	475.000	700.000	74%
1.000.000	200.000	500.000	700.000	70%

Hlutabætur Atvinnuleysistrygginga Starfshlutfall lækkar úr 100% í 25%



Laun í skertu starfshlutfalli + hlutabætur
atvinnuleysistrygginga



Starfshlutfall fer úr 100% í 25%




Laun fyrir skerðingu starfshlutfalls	Hlutabætur atvinnuleysistrygginga	Laun frá atvinnurekenda í skertu starfshlutfalli	Tekjur samtals	Hlutfall af fyrri launum
300.000	225.000	75.000	300.000	100%
350.000	262.500	87.500	350.000	100%
400.000	300.000	100.000	400.000	100%
450.000	292.500	112.500	405.000	90%
500.000	325.000	125.000	450.000	90%
550.000	342.303	137.500	479.803	87%
600.000	342.303	150.000	492.303	82%
650.000	342.303	162.500	504.803	78%
700.000	342.303	175.000	517.303	74%
750.000	342.303	187.500	529.803	71%
800.000	342.303	200.000	542.303	68%
850.000	342.303	212.500	554.803	65%
900.000	342.303	225.000	567.303	63%
950.000	342.303	237.500	579.803	61%
1.000.000	342.303	250.000	592.303	59%

Hlutabætur Atvinnuleysisstrygginga

Starfshlutfall lækkar úr 80% í 50%



Laun í skertu starfshlutfalli + hlutabætur atvinnuleysisstrygginga




Starfshlutfall fer úr 80% í 50%



Laun fyrir skerðingu starfshlutfalls	Hlutabætur atvinnuleysistrygginga	Laun frá atvinnurekenda í skertu starfshlutfalli	Tekjur samtals	Hlutfall af fyrri launum
240.000	90.000	150.000	240.000	100%
280.000	105.000	175.000	280.000	100%
320.000	120.000	200.000	320.000	100%
360.000	99.000	225.000	324.000	90%
400.000	110.000	250.000	360.000	90%
440.000	121.000	275.000	396.000	90%
480.000	132.000	300.000	432.000	90%
520.000	136.921	325.000	461.921	89%
560.000	136.921	350.000	486.921	87%
600.000	136.921	375.000	511.921	85%
640.000	136.921	400.000	536.921	84%
680.000	135.000	425.000	560.000	82%
720.000	110.000	450.000	560.000	78%
760.000	85.000	475.000	560.000	74%
800.000	60.000	500.000	560.000	70%
840.000	-	525.000	525.000	63%
880.000	-	550.000	550.000	63%
920.000	-	575.000	575.000	63%
960.000	-	600.000	600.000	63%
1.000.000	-	625.000	625.000	63%

Hlutabætur Atvinnuleysistrygginga

Starfshlutfall lækkar úr 60% í 40%



Starfshlutfall fer úr 60% í 40%




Laun fyrir skerðingu starfshlutfalls	Hlutabætur atvinnuleysistrygginga	Laun frá atvinnurekenda í skertu starfshlutfalli	Tekjur samtals	Hlutfall af fyrri launum
180.000	60.000	120.000	180.000	100%
210.000	70.000	140.000	210.000	100%
240.000	80.000	160.000	240.000	100%
270.000	63.000	180.000	243.000	90%
300.000	70.000	200.000	270.000	90%
330.000	77.000	220.000	297.000	90%
360.000	84.000	240.000	324.000	90%
390.000	91.000	260.000	351.000	90%
420.000	91.281	280.000	371.281	88%
450.000	91.281	300.000	391.281	87%
480.000	91.281	320.000	411.281	86%
510.000	80.000	340.000	420.000	82%
540.000	60.000	360.000	420.000	78%
570.000	40.000	380.000	420.000	74%
600.000	20.000	400.000	420.000	70%
630.000	-	420.000	420.000	67%
660.000	-	440.000	440.000	67%
690.000	-	460.000	460.000	67%
720.000	-	480.000	480.000	67%
750.000	-	500.000	500.000	67%

Hlutabætur Atvinnuleysistrygginga

Starfshlutfall lækkar úr 70% í 30%



Laun í skertu starfshlutfalli + hlutabætur atvinnuleysistrygginga



Starfshlutfall fer úr 70% í 30%



Laun fyrir skerðingu starfshlutfalls	Hlutabætur atvinnuleysistrygginga	Laun frá atvinnurekenda í skertu starfshlutfalli	Tekjur samtals	Hlutfall af fyrri launum
210.000	120.000	90.000	210.000	100%
245.000	140.000	105.000	245.000	100%
280.000	160.000	120.000	280.000	100%
315.000	148.500	135.000	283.500	90%
350.000	165.000	150.000	315.000	90%
385.000	181.500	165.000	346.500	90%
420.000	182.562	180.000	362.562	86%
455.000	182.562	195.000	377.562	83%
490.000	182.562	210.000	392.562	80%
525.000	182.562	225.000	407.562	78%
560.000	182.562	240.000	422.562	75%
595.000	182.562	255.000	437.562	74%
630.000	182.562	270.000	452.562	72%
665.000	182.562	285.000	467.562	70%
700.000	182.562	300.000	482.562	69%
735.000	175.000	315.000	490.000	67%
770.000	160.000	330.000	490.000	64%
805.000	145.000	345.000	490.000	61%

Reiknivél



Reiknivélin er til staðar
á skrifstofum
stéttarfélaganna

Núverandi starfshlutfall	100%	Fyllið í gráu reitina
Nýtt starfshlutfall	50%	
Núverandi laun	500.000	

Reiknivél á heimasíðu
Vinnumálastofnunar

Útreikningur

Laun í skertu starfshlutfalli	250.000
Hlutabætur atvinnuleysisstrygginga	200.000
Tekjur samtals	450.000
Hlutfall af launum fyrir skerðingu starfshlutfalls	90,0%

Sjálfstætt starfandi - einyrkjar



- Sjálfstætt starfandi einstaklingur telst uppfylla skilyrði laganna um stöðvun rekstrar, hafi hann tilkynnt skattinum um verulegan samdrátt í rekstri sínum sem leiðir til tímabundinnar stöðvunar á rekstri.
 - Tilkynning til launagreiðendaskrár Ríkisskattstjóra (RSK 5.02)
- Taki sjálfstætt starfandi einstaklingur að sér tilfallandi verkefni samhliða greiðslu atvinnuleysisbóta skal hann tilkynna það til Vinnumálastofnunar enda á viðkomandi ekki rétt á atvinnuleysisbótum á því tímabili sem verkefnið stendur yfir.
 - Dæmi: Sjálfstætt starfandi tekur að sér tilfallandi verkefni sem tekur tvo daga. Viðkomandi afskráir sig hjá Vinnumálastofnun vegna verkefna þessa daga. Hann á ekki rétt á atvinnuleysisbótum fyrir þá daga en heldur að öðru leyti rétti sínum. Þetta getur gerst endurtekið.

Sótt um hlutabætur - launamaður

Alþýðusamband Íslands



Einstaklingur sjálfur þarf að fara inn á *mínar síður* (með rafrænum skilríkum eða Íslykli) og fylla út umsókn um atvinnuleysisbætur vegna minnkaðs starfshlutfalls.

Upplýsingar sem einstaklingur þarf að hafa við höndina þegar sótt er um:

1. Upplýsingar um heiti atvinnurekanda síns skv. fyrirtækjaskrá, en við munum sækja upplýsingar í staðgreiðsluskrá Skattsins til að fá yfirlit yfir nöfn atvinnurekenda
2. Upplýsingar um fyrra starfshlutfall sitt
3. Upplýsingar um nýtt starfshlutfall og dagsetningu þegar það breyttist
4. Persónuupplýsingar:
 - a. Sími
 - b. Netfang
 - c. Leyniorð vegna símasamskipta – umsækjandi býr það til sjálfur
5. Upplýsingar um tungumálakunnáttu umsækjanda
6. Bankaupplýsingar, lífeyrissjóðs aðild og stéttarfélag (ef viðkomandi vill greiða til stéttarfélags)
7. Upplýsingar um aðrar tekjur sem viðkomandi er að fá frá
 - a. Tryggingastofnun
 - b. Lífeyrissjóðum
8. Upplýsingar um aðra vinnu sem áfram verður sinnt
 - a. Þarf að skrá inn sem annað hlutastarf þá



Atvinnurekandi

Atvinnurekandi þarf að fara inn á mínar síður (leiðbeiningar á vef Vinnumálastofnunar) og skila inn staðfestingu á eftirfarandi upplýsingum:

1. Kennitala launamanns
2. Upplýsingar um fyrra starfshlutfall
3. Upplýsingar um nýtt starfshlutfall
4. Dagsetning breytingar á starfshlutfalli
5. Áætlaðar mánaðartekjur launamanns miðað við minnkað starfshlutfall
6. Haka við staðfestingu þess efnis að ástæða minnkunar starfshlutfalls sé vegna verulegs samdráttar

Ætlunin er svo að atvinnurekandi og launamaður geti breytt skráningu starfshlutfalls í gegnum mínar síður ef það breytist á gildistíma bráðabirgðaákvæðisins. (Ekki er búið að útfæra þá virkni enda ekki í forgangi að hún sé kominn upp sem fyrst.)

Til áréttingar



- Markmiðið er að fyrirtæki haldi starfsfólki í starfi frekar en að segja því upp meðan á tímabundnum samdrætti stendur.
 - Afnemur ekki réttindi launafólks skv. lögum og kjarasamningum.
- Greiðsla hlutabóta er óháð bótarétti í atvinnuleysisbótakerfinu.
 - Gagnast námsmönnum o.fl.
- Tímabil á hlutabótum dregst ekki frá bótatímabili atvinnuleysisbóta eða skerðir rétt til atvinnuleysisbóta verði launamaður síðar atvinnulaus.
 - Orlofsfé er ekki greitt ofan á hlutabætur (frekar en atvinnuleysisbætur almennt).
- Hlutabætur skerða ekki réttindi launafólks í Ábyrgðasjóði launa verð fyrirtæki sem launamaður starfar hjá gjaldþrota.

Upplýsingar og frekari gögn



Eyðubíóð Frettir Háfa samband Um okkur Spurt og svarad Utgefið efni English Meðal social



Atvinnuleitandi Atvinnurekandi



UMSÓKNIR

Atvinnuleysisbætur

Aðstoð vegna skertrar starfsgetu

Fæðingarortof

Umsókn um vermdaða vinnu, hæfingu og virknibjálfun



UPPLÝSINGAR VEGNA COVID - 19

Minnkað starfshlutfall

Greiðslur í Söttkvi



STÖRF Í BÓDI

Aðrar vinnuálofanir

EURES - Evrópsk vinnuálofan

Atvinnuleit erlendis



Vinnurettarnefur Þráttir og fjálfir Um ASI

Language: íslandia (IS) Leta í vef

COVID 19

Upplýsingar fyrir auðvæðing

ÍD'fuzpik

Kjæraningur

Orud og friflagur

Vandagafvott ASI

Starfiflik

Einn réttur - eikant

Þing bóðfiflik



Umsóknir - upplýsingar og leiðbeiningar:

<https://www.vinnumalastofnun.is/>

Kynningar- og upplýsingaefni á vef ASI:

<https://www.asi.is/>